

## Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands 12. apríl 2023

**Fyrirlesari:** Katrín Fjeldsted. læknir

**Efni:** „Salieri og Mozart“

**Mættir:** 61, félagsmenn og nokkrir gestir

Formaður setti fund stundvíslega kl. 16 og minntist í upphafi látinna félaga: Guðjóns Guðmundssonar, Guðmundar Inga Eyjólfssonar og Guðrúnar Kristjánsdóttur, og einnig Ásbjörns Karlssonar sem hvarf frá hálfnuðu læknanámi og nam líffræði. Þá greind formaður stuttlega frá því sem er framundan í félaginu fram að sumarhléi, en það er einn félagsfundur 3. maí, aðalfundur 31. maí og ferð á Kirkjubæjarklaustur 9.-11. júní. Gaf síðan fyrirlesara orðið.

Katrín byrjaði á nokkrum tónum úr serenöðu nr K361, sem gegnir hlutverki í sögunni sem hún sagði síðan og byggði á leikriti Peters Shaffers, Amadeus. Hún hafði í höndunum og las upp úr handriti íslensku þýðingarinnar sem hún gerði ásamt manni sínum Valgarði Egilssyni. Það var að undirlagi Sveins Einarssonar, þá Þjóðleikhússtjóra (sem var meðal fundargesta) sem þau tóku þetta að sér og það var Katrín sem ákvað, þar sem þau hjón sátu yfir kaffibolla á Kaffivagninum, að hún skyldi þýða en Valgarður þússa málfarið. Í upphafi leikritsins er Salieri gamall maður og játar að hafa orðið Mozart að bana, en saga Salieris byrjar þegar hann ræðir við guð sinn og horfist í augu við mynd hans á vegg ítalskrar kirkju. Hann semur við guð að hann veiti sér náðargáfu til að semja stórfenglega tónlist honum til dýrðar og á móti skuli hann lofa guðrækilegu lífi. Þetta efndi hann nú ekki á sínum yngri árum kvennafars o.fl. Svo kemur þar að hann heyrir fyrrnefnda serenöðu og verður frá sér numinn af óbótóninum sem kemur inn snemma í verkinu. Svo uppgötvar hann að tónskáldið er orðljótur strákhvolpur. Honum þykir Guð hafa illa svikið sig með því að senda guðdómlega tónlist á þennan hátt og er nú kominn í stríð við almættið og Mozart. Dauði Mozarts heldur áfram að verða mönnum ráðgáta, en svo mikið er víst að hann dó frá ókláraðri sálumessunni og Katrín lauk erindi sínu með tónum úr lacrimosa.

Í umræðum tóku einhverjir upp hanskann fyrir Salieri sem var mikils metinn á sinni tíð og samband þeirra Mozarts flóknara. Þeir sömdu saman kantötu og hann kostaði son Mozarts til náms. Salieri var kennari fjölmargra stórmennna tónlistarinnar og nægir að nefna Beethoven. Sveinn Einarsson kynntist Peter Shaffer, sem var sjálfur mjög hógværr maður en velti fyrir sér náðargáfunni sem sumir hafa en flestir ekki. - Getur verið að Mozart hafi lent í óvirðulegri gröf af því að hann hafi stytta aldur þegar hann komst að því að Constanza hans var var orðin skotin í dönskum lækni á heilsuhæli? Þetta datt föður Guðmundar Viggóssonar í hug.

Fleira gerðist ekki og formaður sleit fundi kl. 16:50.

Helga M. Ögmundsdóttir